


DOLBY SURROUND
PRO • LOGIC

FINLUX

Alvöru heimabíó sjónvarp

Verð kr.
139.900.-stgr

- Dolby surround pro logic magnari. (innbyggður) (5 sjálfstæðar hljóðrásir með umhverfishljómi, 3 hátalarar í tækinu og 2 lausir sem fylgja með.
- Tengimöguleikar fyrir aðra 2 hátalara og verða þá hátalararnir í tækinu miðu hátalarar.
- Nicam og Hi Fi stereo móttaka.
- Subwoofer (sérstakur bassahátalari).
- Black invar super myndlampi (svartur og flatur).
- Kamfilter, klýfur liti og línur betur, sem þýðir betri mynd.
- Hraðtextavarp sem finnur síður strax.
- Allar aðgerðir upp á skjáinn.
- Fjarstýring mjög einföld í notkun.
- Tvö scart tengi, einnig RCA tengi fyrir tökuvélar að framanverðu.
- Möguleiki á mynd í mynd (bætt í)
- 16:9 breiðtjaldsmöguleiki




Sjö fyrirfram stillt
umhverfis minni:
pro logic, normal,
music, club, hall,
stadium, speech

Einig fánleg Nicam Stereo tæki frá kr. 109.900.-

HLJÓMCO

Fákafeni 11. Sími 5688005

LISTIR



HELGI Þorgils Friðjónsson heldur á mynd eftir Karin Knefel en hún er ein af þeim 19 erlendu listamönnum sem verk eiga á sýningunni VerGangur í Gerðubergi.

Kynning í Apóteki Garðabæjar
föstudaginn 1. desember kl. 14-18.
Mikill afsláttur og happdrætti.

NÝTT ÁHRIFAMIKIÐ



Fáðu ráðleggingar varðandi útlit þitt.
Ókeypis húðgreining. Úrval lita til föðunar.
Boots No7 tækni sem er á undan.

Ver- Gangur

SÝNING á verkum margra listamanna sem sýnt hafa hjá málaranum Helga Þorgils Friðjónssyni í Galleríi Gangi undanfarin 15 ár verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi föstudaginn 1. desember. Er þetta jafnframt hugsað sem kynning á þessari starfsemi.

Alls eiga 19 listamenn verk á sýningunni, en þeir eru: Martin Diesler, Peter Angermann, Per Kirkeby, Gerwals Rockenschau, Helmut Federle, Jan Knap, Karin Knefel, Milan Kunc, Alive Step-aneek, Steven Maslin, Alan Johnston, Franz Graf, John van Slot, David Weiss, Chung Eun Mo, John Armleder, Peter Mönnig, Antonon Strizek og Daryush Shokof.

Í kynningu segir: „Saga Gangsins er um leið saga búferlaflutninga Helga Þorgils og fjölskyldu hans, en tilgangurinn með þessu heimarekna galleríi hefur frá upphafi verið sá að skapa eins konar umræðuvettvang fyrir íslenska og erlenda listamenn. Gangurinn var fyrst til húsa á Laufásvegi 71 í stórrí forstofu í stigagangi. Þaðan fór hann yfir í langan þröngan stigagang og forstofu í Mávahlið 24, svo í forstofu á Freyjugötu 32 og að lokum í ganginn á Rekagrandu 8, þar sem hann hefur verið starfræktur allar götur síðan.“

Sýningin stendur til 8. janúar 1996.



Morgunblaðið/Sverrir
ÁSGERÐUR Búadóttir við
nokkur verk sín.

Ingólfsstræti 8


Prettán stökur Ásgerðar

SÝNING á verkum Ásgerðar Búadóttur opnar í dag í Ingólfsstræti 8. Ásgerður er löngu landskunn fyrir vefnað sinn. Sýningin er hennar 11. einkasýning og er sérstaklega unnin fyrir Ingólfsstræti 8.

Í kynningu segir: „Um tíma-mótasýningu er að ræða þar sem verkin eru mun minni en þau sem hún hefur hingað til verið þekkt fyrir. Sýningin heitir Prettán stökur og er nokkuð sem enginn áhugaður um nútímalist ætti að láta fram hjá sér fara – hið hlýja viðmót sem mætir manni í verkum Ásgerðar er eins og eldur sem aldrei deyr. Hún fullkomnar verk sín af fádæma formskyni, en það er á færi fárra listamanna og hver þjóð á fáa slíka. Ásgerður er einn þeirra.“

Sýningin stendur til 22. desember. Ingólfsstræti 8 er opið frá 14-18, alla daga nema mánudaga.

Jólapakkar til Norðurlanda



Tekið er á móti þökkum hjá BM flutningum, Holtagörðum, við hliðina á Skrifstofum Samskipa, 4., 5. og 6. des. Skipið fer frá Íslandi 7. des. og verður í Árósum 14. des., Moss 15. des. og Varberg 15. des. Nánari upplýsingar veittar hjá BM flutningum í síma 588 9977.

SAMSKIP

-örugga leiðin

